

Æskulýðsskýrsla
Fyrir árið 2020



Vegna æskulýðsstarfs í Hestamannafélaginu Kópi
Skýrsla send Landsambandi hestamannafélaga

Á þessu ári hefur verið gert eftirfarandi:

Félagið pantaði jakka fyrir félagsmenn merkta Kóp. Félagið greiddi niður verð á þeim fyrir börn og unglunga

Árið byrjaði með járningardegi þar sem allir sem vildu gátu komið með hross og var hjálpast að við að járna þau.

Reiðskóli var haldinn á vegum Kóps veturinn 2020. Kennari var Hlynur Guðmundsson. Voru reiðnámskeiðin helgarnámskeið og var 1 í hverjum mánuði um veturinn, janúar, febrúar og það 3ja í mars. Námskeiðið sem halda átti í apríl féll niður. Kópur greiddi námskeiðsgjaldið fyrir unglunganna sem skráðu sig á námskeiðið Sumarreiðskóli var haldinn í tvennu lagi í júlí sem er óvenju seint en það kom til vegna Covid.

Félagið greiddi niður námskeiðsgjaldið fyrir krakkana.

Reiðkennarar voru Kristín Lárusdóttir og Svanhildur Guðbrandsdóttir Farið var í skemmtireiðtúr í lok reiðskóla.

Firmakeppni var haldin í júlí þar sem boðið var upp á keppni meira og minna vana.

Hestamannamót var haldið í júlí þar var keppt í polla, barna, unglunga og ungmennaflokki. Gaman að segja frá því að það komu margir krakkar úr nágrennafélaginu Hornfirðingi og kepptu.

1 ungmenni ætlaði á Íslandsmót en ekkert varð af því vegna Covid

Hestaferð Kóps var 2 helgina í ágúst og mættu þar bæði stórir og smáir sá yngsti 6 ára sem reið eins og hershöfðingi

Veturinn 2020 var veittur verðlaunagripur fyrir bestan áranagur 2019 í knapamerkjum 5 á Íslandi. Gaman að segja frá því að það var ungmenni úr hestamannafélaginu Kópi sem hlaut þau verðlaun.

Svanhildur Guðbrandsdóttir

Á Kópsvæðinu er fullt af krökkum sem hafa brennandi áhuga á hestamennsku en það sem vantar er að virkja foreldra betur því krakkarnir verða að fá stuðning að heiman til að geta stundað hestamennsku.

Var ætlunin að gera fullt fleira á árinu en vegna Covid varð ekkert úr því en það býður betri tíma.



Pollaflokkur á Hestaþingi Kóps 2020



Barnaflokkur á Hestaþingi Kóps 2020 ásamt Lilju Hrund formanni

Kveðja

Kristín Lárusdóttir
Fh. æskulýðsnefndar Kóps